

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## H.B Grandi á Vopnafirði Vopnafjörður



Dags eftirlits	31.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	H.B Grandi á Vopnafirði	Eftirlitsmaður	Leifur Þorkelsson
Heimili	Hafnarbyggð 7	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Jörgen Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	691171,367 590414,525

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá starfsleyfi kom fram í eftirlitsferðinni. Ekki var tilkynnt um mengunaróhapp sem varð í verksmiðjunni í haust. Vakin var athygli á nýrri reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Jafnframt var minnt á að umhverfismarkmið þarf að endurskoða á næsta ári og að viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar þarf að uppfæra.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Leifur Þorkelsson.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins, Jörgen Sverrissyni. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar kom fram eitt frávik frá starfsleyfi. Yfirlýsing þar sem fram kom að magn mengandi efna hafi verið undir kröfum í viðauka við reglugerð um útstreymisbókhald var ekki send fyrr en sama dag og eftirlitið fór fram, þann 18. september. Síðasti skiladagur er hinsvegar 1. maí ár hvert. Ekki kom til eftirfylgni vegna fráviksins.

Fyrr í haust varð mengunaróhapp í verksmiðjunni. Við makrívinnslu kom í ljós að of mikið álag var á mengunarvarnarbúnaði og hann annaði ekki því mikla magni af fitu sem var í fráveituvatninu. Við þetta slapp eitthvað af óhreinsuðu fráveituvatni sjóinn. Brugðist var við með þeim hætti að nú er hægt að bæta við fituskilju fyrir aftan við núverandi hreinsivirki á álagstímum til dæmis þegar unnið er með fituríkt hráefni. Óhappið var hinsvegar ekki tilkynnt til eftirlitsaðila og er því um frávik frá grein 4.5 í starfsleyfi að ræða.

Fram kom að breyting hefur verið gerð á fyrirkomulagi flutnings á afskurði frá frystihúsi og yfir í verksmiðjuna, nú er mun minna magn af vökva notað við flutninginn en áður samhliða því dregur úr álagi á fráveitukerfið.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2017 var skilað í apríl og yfirlýsingu um magn mengandi efna frá verksmiðjunni varðandi útstreymisbókhald var skilað í febrúar. TVN er mælt og skráð reglulega og eru niðurstöður sendar eftirlitsaðila. Í einu tilfelli mældist TVN yfir viðmiðunarmörkum og var tilkynnt um tilvik í samræmi við grein 2.9. í starfsleyfi.

Magn mengandi efna í frárennsli var mælt á loðnuvertíð í vetur. Í skýrslu frá verkfræðistofunni Verkís kemur fram að magn mengandi efna hafi í öllum tilfellum mælst innan losunarmarka sem fram koma í grein 2.17 í starfsleyfi

Umhverfismarkmið eru fyrirliggjandi í samræmi við ákvæði í grein 4.1. Markmiðin eru frá árinu 2015 þau á að endurskoða á 4 ára fresti og er því komið að endurskoðun á næsta ári

Að fundi loknum var haldið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Snyrtilegt var um að litast og umgegni var góð bæði innan dyra og utan.

#### Frávik frá

#### Lýsing á frávikum

Grein 4.5 í starfsleyfi

Ekki var tilkynnt um mengunaróhapp sl. haust þegar fita fór í sjóinn vegna ofálags á hreinsivirki.

### ÁBENDINGAR

Vakin er athygli á að viðbragðsáætlun verksmiðjunnar vegna bráðamengunar þarf að uppfæra.  
Minnt er á að umhverfismarkmið þarf að endurskoða á árinu 2019.

#### **ANNAÐ**

Vakin er athygli á því að reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi hefur tekið gildi og kemur hún í stað reglugerðar nr. 35/1994. Rekstraraðili er hvattur til að kynna sér nýja reglugerð og þau áhrif sem hún kann að hafa á starfsemina.

24.01.2019

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Halla Einarsson  
Halla Einarsson





